




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

**30. JANÚAR**  
2020



# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

**Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.**

### Áætluð tímalengd:

Hjakk: 14:00'

Konsert: 22'

Sinfonia: 9'

Ós: 5'

Box: 17'

Hlé verður gert í u.þ.b. 20 mínútur.

Í hléi mun hljóðfærasmíðurinn, Jóhann Gunnarsson, leika á lírukassa í Hörpuhorni.

Diskarnir *Recurrence* og *Concurrence* verða til sölu fyrir framan Eldborg á 2. hæð í hléi og eftir tónleikana.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Aðalstyrktaraðili

GAMMA



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

FM 30 JAN 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# HJAKK Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

---

**Sinfóníuhljómsveit  
Íslands**

**Daníel Bjarnason**  
hljómsveitarstjóri

**Andreas Borregaard**  
einleikari

---

---

**EFNISSKRÁ**

Atli Heimir Sveinsson  
**Hjakk** (1967/1979)

Snorri Sigfús Birgisson

**Konsert fyrir hljómsveit, frumflutningur** (2015)

- I.
- II.
- III.

**Hlé**

Missy Mazzoli

**Sinfonia (for Orbiting Spheres)** (2014/2016)

Bára Gísladóttir

**Ós** (2018/2019)

Hugi Guðmundsson

**Box, harmóníkukonsert, frumflutningur** (2019)

- Unboxing
- Machina
- Peripeteia

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)

---



---

# DANÍEL BJARNASON

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**D**aníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie- hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá útgáfufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013).

Meðal helstu verka Daníels eru óperan *Brothers* sem var frumflutt árið 2017 og var sýnd á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík árið eftir við mikla hrifningu, og fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndri sveit undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Nýjasta verk Daníels er samið fyrir Fílharmóníusveit Los Angeles í tilefni af 100 ára afmæli hennar og var frumflutt á afmælistónleikum hennar í október síðastliðnum. Daníel var á árunum 2015–2018 staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann gegnir nú stöðu aðalgestastjórnanda og starfar með hljómsveitinni að fjölda verkefna á hverju starfsári.

Daníel var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar á þessu ári.



---

# ANDREAS BORREGAARD

## Einleikari

**A**ndreas Borregaard kemur frá Danmörku. Hann nam fyrst við danska tónlistarháskóla, lauk diplómaprófi frá Konunglega danska tónlistarháskólanum árið 2006 og einleiksprófi árið 2010. Hann nam einnig við Guildhall School of Music and Drama í London og varð árið 2008 fyrstur til að ljúka gráðu í harmóníkuleik frá þeim háskóla. Hann hefur frá 2014 sótt einkatíma hjá Mitzi Meyerson sem er prófessor í semballeik við Universitát der Künste í Berlín. Frá því Andreas Borregaard lauk námi hefur hann verið eftirsóttur einleikari á hljóðfærið, hann hefur ferðast um heiminn og víða komið fram sem einleikari. Auk þess kennir hann við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.

Harmóníkan er ekki gamalt hljóðfæri innan klassískrar eða saminnar tónlistar því lengi vel hefur fyrst og fremst verið litið á hana sem hljóðfæri þjóðlagatónlistar og gamallar danstónlistar. Borregaard lítur fyrst og fremst á sig sem alhliða tónlistarmann án þess að þurfi að hnýta við það einhverjum frekari skilgreiningum. Enda er hann mjög fjölhæfur hljóðfæraleikari og hefur á síðustu árum tekist á við mjög fjölbreytt verkefni. Hann frumflytur oft ný verk, sem gjarnan eru samin fyrir hann en hefur einnig sérhæft sig í tónlist frá barokktímanum. Hljóðritun hans á *Goldberg*-tilbrigðum Bachs, sem var gefin út árið 2017 hefur fengið mjög góða dóma.

Borregaard hefur einnig leikið með hljóðfærahópum eins og Inviolata, MTQ og Stormglas og hann veltir gjarnan fyrir sér tengslum milli flytjenda og áheyrenda og ekki síður tengslum milli ólíkra listgreina. Mörg verkefna hans hafa orðið til úr slíkum vangaveltum.



# ATLI HEIMIR SVEINSSON

## HJAKK

**M**yrkir músíkdagar, tónlistarhátíðin með dularfulla og skemmtilega nafnið, er nú haldin í fertugasta skipti. Fyrsta hátíðin fór fram í byrjun árs 1980 og hófst með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Miklagarði, sal Menntaskólans við Hamrahlíð. Hljómsveitin hefur æ síðan tekið þátt í hátíðinni og gerir það að sjálfsgöðu einnig nú. Atli Heimir Sveinsson (1938-2019) var meðal forsprakka hátíðarinnar og átti verk flest árin sem hún hefur verið haldin. Atli Heimir lést í september á síðasta ári og hans er minnst nú, með flutningi verksins *Hjakk*.

*Hjakk* varð til árið 1967 en Atli Heimir endurskoðaði það árið 1979. Í kjölfarið var verkið flutt í Svíþjóð og tileinkaði Atli það Göran Bergendal og fjölskyldu hans. Óhætt er að segja að *Hjakk* sé eitt af lykilverkum á ferli tónskáldsins. Það vakti mikla athygli við frumflutning eins og flest verk Atla gerðu reyndar, ekki síst á sjöunda og áttunda áratugnum. Í verkinu er slagverkið fyrirferðarmikið og allt um lykjandi, enda vísar nafnið til taksins sem gengur í gegnum verkið allt, ákafur og knýjandi.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hjakk var frumflutt í sinni upprunalegu gerð í hljóðritun sem Sinfóníuhljómsveit Íslands gerði undir stjórn Páls P. Pálssonar árið 1978. Filharmóníusveitin í Stokkhólmi flutti endurskoðaða gerð verksins árið 1981.

Hjakk hefur aðeins einu sinni áður hljómað á opinberum tónleikum á Íslandi, í flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar í febrúar 1986 og stjórnaði Jean-Pierre Jacquillat verkinu. Það hljómaði svo aftur á þrennum skólatónleikum Sinfóníunnar árið 1998 og þá hélt Bernharður Wilkinson um tónsprotann.

„Þar er hjakkað af bráðskemmtilegri hugkvæmni í ætt við sverðdansa og svoleiðis, eða verksmiðju- og virkjanamúsík frá dögum Leníns & co.“, ritaði Leifur Þórarinnsson í blaðadómi. Ákafur og knýjandi taktur gengur gegnum verkið allt, og rúmum 50 árum síðar er verkið enn hressandi, ferskt og ógrandi eins og tónlist Atla er svo oft.

Í raddskrá skrifaði Atli Heimir um verkið:

„Er þetta fallett tónverk? Mun það gera önnur tónverk fegurri? Verða öll önnur hljóð fegurri eftir að maður hefur heyrt þetta verk?“



---

# SNORRI SIGFÚS BIRGISSON

## KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT

**S**norri Sigfús Birgisson (f. 1954) var í hópi allra yngstu tónskálda á fyrstu Myrku músikdögum, fyrir 40 árum. Hann hefur síðan átt verk á fjölmörgum tónleikum hátíðarinnar sem oftast en ekki hafa verið flutt af CAPUT-hópnum, þar sem Snorri er meðlimur. Tónlist hans vakti strax mikla athygli og síðan þá hefur áhugafólk um tónlist lagt eyrun við þegar verk hans eru flutt. Snorri er fjölhæfur tónlistarmaður, hann er ekki síður þekktur sem píanóleikari og hann er einstaklega ástsæll kennari. Hann er mjög fjölhæft tónskáld, hefur samið mörg lítil lög fyrir tónlistarnemendur sem komnir eru mislangt á tónlistarbrautinni jafnt sem konserta með og án einleikshljóðfæris.

Strax árið 2011 þegar Eldborg var vígð, fór Snorri að láta sig dreyma um að semja verk sem yrði flutt í salnum. Hann hófst handa árið 2013 og lauk við smíðina sumarið 2015. Salurinn varð því kveikjan að verkinu í upphafi. Það er helgað minningu tveggja mjög náinna vina Snorra Sigfúsar, þeirra Noru Kornblueh, sellóleikara sem lést árið 2008 og eiginmanns hennar, Óskars Ingólfssonar klarínettuleikara og tónlistarstjóra Rásar 1, sem lést ári síðar.

Margvíslegur efniviður er í verkinu úr ýmsum áttum, og Snorri vitnar víða í eldri verk eftir sjálfan sig, gjarnan samin fyrir þau Noru og Óskar eða verk sem þau tóku þátt í að flytja.

Viðfangsefnið í konsertinum var helst að allt gengi upp á sínum forsendum frekar en að tjá ákveðnar tilfinningar, því áheyrendur upplifa tónlist á svo margbreytilegan hátt, að sögn Snorra sjálfs.



---

# MISSY MAZZOLI

## SINFONIA (FOR ORBITING SPHERES)

**M**issy Mazzoli (f. 1980) gegnir nú stöðu staðartónskálds hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago og New York Times hafði nýlega um hana þau orð að hún væri „eitt hugmyndaríkasta tónskáld New York-borgar“ um þessar mundir. Hún hefur hlotið Grammy-verðlaun fyrir verk sín og hefur verið tilnefnd við önnur tækifæri, meðal annars á síðasta ári. Hún var fyrst kvenna ásamt tónskáldinu Jeanine Tesori til að fá pöntun á óperu frá Metropolitan í New York, en áður hafði hún samið nokkrar óperur sem hafa hlotið fádæma góðar móttökur.

*Sinfónía (fyrir hnetti á sporbaug)* er í laginu eins og sólkerfið. Í því er að finna samansafn eininga sem snúast hver um aðra innan stærri sporbaugs. Orðið *sinfónía* vísaði í verk fyrir kammersveitir á barokktímanum, en Mazzoli hafði einnig í huga eldri merkingu orðsins, sem er eins konar lírukassi, miðaldahljóðfæri með strengjum sem gefur frá sér samfelldan hásan tón á meðan hægt var að leika laglínur á áfast hljómborð. Í verkinu gefur að heyra áhrifin frá þessu hljóðfæri, þar sem laglínur snúast hver um aðra á ævintýralegum hraða.

Mazzoli samdi þetta verk árið 2014 fyrir Fílharmóníusveitina í Los Angeles, og endurskoðaði það árið 2016. Síðan þá hefur það verið flutt víða um heim við frábærar undirtektir. Það hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi.





©Gabrielle Morola

# BÁRA GÍSLADÓTTIR

ós

**B**ára Gísladóttir (f. 1989) er bæði tónskáld og kontrabassaleikari og einstaklega áhugavert hefur verið að fylgjast með tónsköpun hennar undanfarin ár. Tónlist hennar hefur verið flutt af fjölmörgum tónlistarhópum og hljómsveitum, íslenskum jafnt sem alþjóðlegum. Má þar t.d. nefna íslensku hópana Nordic Affect, Elektra Ensemble, Strokkvartettinn Sigga og Duo Harpverk. Bárá lauk BA-prófi á Íslandi, meistaraprófi á Ítalíu og stundaði framhaldsnám í Danmörku þar sem hún hefur nú aðsetur. Hún hefur starfar með ýmsum tónlistarhópum og er meðlimur Elju Ensemble. Bárá hefur gefið út nokkrar mjög áhugaverðar plötur, og hefur sjálf leikið á kontrabassa á þeim öllum. Bárá hlaut hin virtu Léonie Sonning-verðlaun í Danmörku árið 2018 og árið 2019 féllu Carl Nielsen hæfileikaverðlaunin henni í skaut.

Ós var pantað af Reykjavíkurborg og Sinfóníuhljómsveit Íslands í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands og frumflutt í Eldborg 1. desember 2018 á tónleikum í því samhengi.

Í verkinu tekst hún á við hin ýmsu blæbrigði orðsins óss. Helsta merking þess er vitanlega ármynni, þar sem flæðandi vatn rennur saman við hafið og ferskt vatn og salt blandast.

Bára er þekkt fyrir að nýta sér hljóðfæri á margvíslegan hátt og mjög fjölbreytilega tónmyndun. Þetta verk er þar engin undantekning. Hér má til dæmis heyra leikið á blásturhljófærin ýmist án munnstykka eða þeim er snúið öfugt og þau mynda hljóðláta bylgju sem gengur í gegnum allt verkið.



# HUGI GUÐMUNDSSON

## BOX, HARMÓNÍKUKONSERT

**H**ugi Guðmundsson (f. 1977) hefur um nokkurt skeið verið með áhugaverðustu tónskáldum sem við eigum. Nefna má nokkur verk því til staðfestingar, eins og *Apocrypha* (2005–2007) sem var frumflutt af Nordic Affect, *Alkul*, konsert fyrir kantele og strengjasveit (2014) sem var frumfluttur á Myrkum músikdögum, *Absentia*, konsert fyrir fiðlu og kammerhljómsveit sem hann samdi til minningar um föður sinn og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir árið 2015, og óperuna *Hamlet in Absentia* 2016.

Box er orð sem hefur margvíslega merkingu. Það getur þýtt kassi, afmarkað svæði, hól og svo auðvitað hnefaleika: átök milli tveggja einstaklinga þar sem annar stendur yfirleitt eftir sem sigurvegari. Átökin eru oftast mjög líkamleg en einnig er hægt að hugsa sér þau á sálfræðilegu sviði. Það er áhugavert fyrir áheyrandann að hafa þetta í huga meðan hlustað er á verkið. Hver eru hólfin og á milli hverra eru átökin? eru það einleikarinn og hljómsveitin eða er þetta enn flóknara?

Konsertinn er í þremur þáttum og titlar þeirra gefa hugmynd um framvindu verksins. Sá fyrsti, *Unboxing* vísar til sérstakrar tegundar youtube-myndbanda þar sem fólk sýnir þegar það opnar kassa með nýjum hlutum. Áhorfandinn fær að gægjast ofan í kassann og inn í líf þess sem opnar um leið. Annar kaflinn ber heitið *Machina* þar sem Hugur leikur sér með hugtakið „deus ex machina“ eða guð í vélinni, sem þýða má þannig að óvæntu atriði eða sjónarhorni sé bætt við það sem fyrir er og breyti óleysanlegum aðstæðum. Það er gjarnan notað í leikhúsi eða textagerð. Þetta er talið ódýrt bragð, notað þegar allt er komið í hnút. Hér er einnig vísað til vélræns yfirbragðs kaflans. Síðasti kaflinn, *Peripeteia* eða *Hvörfer* hugtak sem fengið er úr skáldskaparfræði Aristótelesar og merkir þegar alger stefnubreyting – sem er þó sennileg eða óhjákvæmileg – verður á atburðarrásinni.

*Ingibjörg Eyþórsdóttir*

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Jóhann Gunnarsson, sem er kominn vel á níraðisaldur, býr í Hveragerði og stundar hljóðfærasmíði af kappi í bílskúrnum heima. Þótt hann leiki ekki sjálfur á hljóðfæri nýtur hann stundanna í skúrnum og eftir hann liggja alls konar smíðisgripir, þar á meðal orgel og tveir lírukassar. Jóhann smíðaði lírukassann sem leikið er á í kvöld og gengur hann undir nafninu Ópus 3.

# SINFÓNÍAN Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM 2020

Í ár eru 40 ár liðin frá því að tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar var haldin í fyrsta sinn. Þá lék Sinfóníuhljómsveit Íslands á upphafstónleikum hátíðarinnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og hafa tónleikar Sinfóníunnar verið meðal stórviðburða hátíðarinnar allar götur síðan.

Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með þrjá viðburði á Myrkum músíkdögum í ár. Auk tónleika kvöldsins býður hljómsveitin upp á uppskerutónleika Yrkju í Norðurljósum föstudaginn 31. janúar ásamt því að gestum er boðið að kíkja við í hlustunarklefa Sinfóníunnar í Hörpu þar sem heyra má nýjustu upptökur sveitarinnar á íslenskum hljómsveitarverkum í hringóma hljóðkerfi (e. surround sound).

**FOS** 31 JAN 12:00



## YRKJA – UPPSKERUTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fjögur undanfarin starfsár tekið þátt í Yrkju sem er samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamíðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa, og þannig gefið ungum tónskáldum tækifæri til að kynna hljómsveitinni í návígi.

Fimm manna dómnefnd, skipuð tónskáldum og meðlimum Sinfóníunnar, valdi þau Eygló Höskuldsdóttur Viborg og Sigurð Árna Jónsson til þátttöku í ár. Þau hafa starfað með hljómsveitinni í níu mánuði og hafa þannig fengið tækifæri til að próa færni sína í að semja fyrir hljómsveit undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds. Verk þeirra hljóma fullmótuð á hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Norðurljósum. Elísabet Indra Ragnarsdóttir munu einnig spjalla við tónskáldin um verkin og tilurð þeirra. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

30<sup>JAN</sup> – 01<sup>FEB</sup> 10:00–22:00



## HLUSTUNARKLEFI SINFÓNÍUNNAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður upp á opið hlustunarrými í fundaherberginu Stemmu í Hörpu þar sem hægt er að hlusta á upptökur hljómsveitarinnar af íslenskum hljómsveitarverkum. Upptökurnar komu nýlega út á diskunum *Concurrence* og *Recurrence*. Plöturnar eru teknar upp af bandaríska útgáfu-fyrirtækinu Sono Luminus í hringómi (e. surround sound). Sérstök uppstilling var gerð á hljómsveitinni fyrir hvert einasta verk í upptökunum sem best hentaði hljóðheimi þess. Upplifunin verður því sérstaklega áhrifarík þar sem tónlistin er tekin upp í einskonar þrívídd svo að hlustandinn heyrir tónlistina allt um kring.

Plöturnar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda. *Concurrence*, sem kom út í nóvember síðastliðnum, var m.a. valin á árslista hjá The New York Times, NPR og *Second Inversion* sem ein af bestu útgáfum ársins 2019. Diskarnir eru gefnir út í tvöfaldrí útgáfu, annar diskurinn er hefðbundinn geisladiskur en hinn er Blu-ray diskur með hringóma útgáfunni.

Í hlustunarklefanum má heyrja flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands á verkum eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Þuríði Jónsdóttur, Hlyn Aðils Vilmarsson og Daníel Bjarnason. Einnig má heyrja píanókonsert eftir Hauk Tómasson, með Víkingi Heiðari Ólafssyni og sellókonsert eftir Pál Ragnar Pálsson, með Sæunni Þorsteinsdóttur. Hljóm-sveitarstjóri í upptökunum var Daníel Bjarnason, upptökustjóri var Grammy-verðlaunahafinn Daniel Shores og hljóðmeistari var Dan Merceruio.

Nýttu tækifærið og hlustaðu á það nýjasta í íslenskri hljómsveitartónlist í hringóma hljóðkerfi þar sem upptökurnar njóta sín til fulls.

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

## Á DÖFINNI

FEB 21 19:30



### MAHLER OG DEBUSSY

Glæsileg tónlist tengd hafinu og vorinu hljómar á þessum tónleikum undir stjórn finnska hljómveitarstjórans Hannu Lintu. Hin franska Lili Boulanger lést aðeins 24 ára gömul árið 1918 en hafði þá þegar samið glæsileg tónverk, meðal annars hina ljúfu vorstemningu sem hljómar í upphafi tónleikanna. *Des Knaben Wunderhorn*, eða *Drengsins nægtahorn*, er heiti á safni þýskra þjóðkvæða sem Gustav Mahler sótti innblástur í þegar hann samdi samnefndan söngvabálk. Hafid er í forgrunni á síðari hluta tónleikanna og þar heyrast *Sjávarmyndir* Brittens og *La mer* eftir Debussy. Einsöngvari á tónleikunum er bandaríska mezzósópransöngkonan Michelle DeYoung.

FEB 05 19:30



### MAHLER OG SIBELIUS

70 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Í mars 2020 verða 70 ár liðin frá því að Sinfóníuhljómveit Íslands hélt sína fyrstu tónleika. Af því tilefni verður efnt til hátíðartónleika þar sem fiðlukonsert Sibeliusar og fyrsta sinfónía Mahlers hljóma ásamt sjaldheyrðu verki eftir Pál Ísólffsson sem var einn helsti hvatamaður að stofnun Sinfóníuhljómveitarinnar. *Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar* er sérlega áheyrileg og skemmtileg leikhústónlist, samin við leikgerð Halldórs Laxness. Einleikari er Augustin Hadelich og hljómveitarstjóri Eva Ollikainen.

FEB 12 19:30



### RÚSSNESK VEISLA

Rúmur áratugur er síðan rússneski píanósningurinn Olga Kern lék síðast á Íslandi og hafa margir unnendur píanóleiks beðið endurkomu hennar með óþreyju. Tónlist Rakhmanínovs er eins konar sérgrein hennar og í þetta sinn flytur hún þriðja píanókonsert meistarans. Á efnisskránni eru einnig verk eftir tvo aðra rússneska meistarara: *Rómeó og Júlía*, fantasíuforleikur, eftir Tsjajkovskíj og *Eldfuglinn* eftir Stravinskíj. Hljómveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason, sem hefur getið sér einkar gott orð fyrir frammistöðu sína undanfarin misseri.





# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

30. JANÚAR 2020

## 1. FIDLA

Nicola Lolli  
Zbigniew Dubik  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Justyna Bidler  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pascal La Rosa  
Margrét Kristjánsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir

## 2. FIDLA

Benedikte Damgaard  
Roland Hartwell  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ísak Rikharðsson  
Christian Diethard  
Hlín Erlendsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Pétur Björnsson  
Þórdís Stross

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marínósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Lucja Koczot  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Guðný Jónasdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir

## BASSI

Xun Yang  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Jacek Karwan  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Hávarður Tryggvason

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Hafðís Vigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Ármann Helgason  
Rúnar Óskarsson

## SAXÓFÓN

Peter Tompkins

## FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir  
Brjánn Ingason

## HORN

Asbjörn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Rakel Björt Helgadóttir

## TROMPET

Stefano Flaibani  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Mark Tetreault

## HARPA

Katie Buckley

## PIANÓ/CELESTA/HLJÓMBORD

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Soraya Nayyar

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Pétur Grétarsson  
Kjartan Guðnason

## SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*  
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*  
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*  
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjórdís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Júlía Aradóttir *fulltrúi*





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ

# SNILLD FYRIR ÞIG

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.800 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar.

Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á [sinfonia.is/skolakort](http://sinfonia.is/skolakort)

Miðasala í Hörpu  
[sinfonia.is](http://sinfonia.is)  
[harpa.is](http://harpa.is)  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**